

Alþingi
Erindi nr. P 127/370
komudagur 5.12.2001



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2001

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229, mál, Heyrnar- og talmeinastöð.

Varðandi umsögn við frumvarp til laga er rétt að geta þess að skólinn heyrnleysingjaskóli Íslands er ekki starfandi, skólinn heitir Vesturhlíðarskóli – skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskertra nemendur.

Vegna flutnings skólans í Hlíðaskóla er nauðsynlegt að nota rétt nafn skólans.

37.a.2 Undirrituð vil bæta við að hlutverk Heyrnar og talmeinastöðvar verði að veita alla þá þjónustu sem stofnunin býður nemendum Vesturhlíðarskóla.

Grein 37.a3 Mjög mikilvægt er að í fagráði sé fólk sem hafi mikla þekkingu á heyrnarleysi, táknmáli og menntun heyrnarlausra og heyrnarskertra grunnskólabarna svo fagráðið þjóni hagsmunum Vesturhlíðarskóla.

37.a.4 Stofnuni skuli veita börnum frá 0 ára – unglingsaldurs fría þjónustu, heyrnarræki, rafhlöður og þess háttar eins og hefur verið gert undanfarin ár.

Virðingarfyllt

Berglind Stefánsdóttir
Skólastjóri